

Dyra- og öryggisverðir

Skýrsla um starfsumhverfi, nám og tillögur að breytingum

Skýrsla unnin af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir Starfsgreinasamband Íslands 2010



Efnisyfirlit	Blaðsíðutal
Um skýrsluna, stýrihóp og verkefnið	3
Um niðurstöður	4
Vinnulag við gerð skýrslunnar	4
Dyraverðir	5
Dyraverðir - hverjir sinna starfinu og hversu stór er hópurinn?	5
Kröfur til dyravarða. Lög 85/2007	6
Hlutverk dyravarða	7
Stöðumat og óvissuþættir	9
Óvissuþættir í starfsumhverfi, niðurstöður og tillögur	9
Starfssvæði	10
Mismunur við útgáfu tækifærisleyfa og almennra starfsleyfa	11
Niðurstaða – starfssvæði og utanaðkomandi aðstoð	11
Ábyrgð í starfi	12
Niðurstaða – ábyrgð dyravarða	12
Nám fyrir dyraverði	13
Staðan í dag	13
Á að krefjast náms?	13
Niðurstaða – um nám fyrir dyraverði	14
Um skyldu til að sækja námskeið og útfærslu hennar	15
Tillögur um lengd og innihald náms	16
Nám á Norðurlöndunum	17
Dæmi um nám í Noregi	17
Námsefni	18
Hverjir eiga að geta staðið fyrir námskeiðahaldi?	18
Kostnaður við nám	19
Greiðslur í slysatilvikum og tryggingar	20
Tafla vegna slysa og örorku	21
Annað sem kom fram í rýnihópum dyravarða og/eða rekstraraðila	
Heimildir, tæki og merkingar	22
Áhættumat	22
Vesti (hnífa)	22
Samstarf við yfirvöld	23
Svört vinna	23
Samantekt á niðurstöðum varðandi dyraverði:	23
Öryggisþjónustufyrirtæki og öryggisverðir	24
Lagaumhverfi fyrirtækja í öryggisþjónustu	24
Niðurstaða – lagaumhverfi	24
Nám fyrir öryggisverði	25
Nám innan fyrirtækjanna	25
Námsskrá fyrir starfandi öryggisverði	25
Öryggisvarðanám – hvernig gengur í dag	27
Könnun hjá nemendum um nám og framhaldsnám	28
Rýnihópur öryggisvarða – helstu niðurstöður	29
Um starfið	29
Vald öryggisvarða	30
Mikilvægt að auka traust til öryggisfyrirtækja og öryggisvarða	31
Samskipti við yfirvöld	31
Nám á Norðurlöndum	32
Lokaorð um öryggisverði og ábendingar um starfsumhverfi	33

Um skýrsluna, stýrihóp og verkefnið

Þessi skýrsla var unnin að frumkvæði Starfsgreinasambands Íslands (SGS) af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Við gerð kjarasamninga Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins (SA) í febrúar árið 2008 var rætt um málefni dyravarða og varð að samkomulagi milli aðila að skoða á samningstímanum málefni dyravarða nánar, menntun þeirra og starfsumhverfi. Í maímánuði árið 2008 hafði SGS frumkvæði að því að kalla saman fulltrúa lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúa atvinnurekenda, fulltrúa dyra- og öryggisvarða ásamt fræðslustjóra Eflingar sem unnið hafði með Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að námsskrá fyrir öryggisverði. Ráðstefnunni var fylgt eftir með fundum í aðildarfélögum SGS um málefni dyra- og öryggisvarða. Í kjölfar þess ákvað framkvæmdastjórn Starfsgreinasambandsins að fara af stað með verkefni um starfsumhverfi dyra- og öryggisvarða.

Í febrúarmánuði 2009 var undirritaður samningur milli SGS og FA um greiningu á starfsumhverfi dyra- og öryggisvarða. Vinna hófst í febrúarmánuði 2009 og lauk í júní 2010.

Meginmarkmið verkefnisins skyldu vera:

- Að greina og skýra laga- og reglugerðarramma sem snerta störf dyra- og öryggisvarða, s.s. kröfur til starfsmanna, valdheimildir, tryggingar og svo framvegis.
- Að fá fram mat dyravarða/öryggisvarða og rekstraraðila á hvaða þekking væri mikilvægust til að sinna dyravörslu/öryggisgæslu og bera þær upplýsingar saman við kröfur í dag.

Verkefnið var unnið í samstarfi verkalýðsfélaga og atvinnurekenda en um framkvæmd sá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem er í eigu SA, ASÍ, BSRB, fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verkefnið snýr að tveimur starfsgreinum, annars vegar dyravörðum en hins vegar öryggisvörðum. Lögð var áhersla á að fá til samvinnu fulltrúa frá starfandi rekstraraðilum, starfsmönnum og opinberum aðilum.

Stýrihópur var myndaður um verkefnið og í honum sátu:

Nafn	Skipunaraðili
Atli Lýðsson	Starfsgreinasamband Íslands (SGS)
Andri Björnsson	Samtök ferðaþjónustunnar (SAF)
Arnar Laufdal	Samtök ferðaþjónustunnar (SAF)
Gunnar Hilmarsson	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Konráð Sveinsson	Starfsgreinasamband Íslands (SGS)
Thelma Clausen Þórðardóttir	Ríkislögreglustjóri
Valdimar Gunnarsson	Starfsgreinasamband Íslands (SGS)

Fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins stýrði verkefninu Haukur Harðarson en um stýringu fyrir Starfsgreinasamband Íslands sá Fjóra Pétursdóttir, lögfræðingur SGS.

Skýrslan var gefin út í september 2010.

Um niðurstöður

Í beiðni um skipan í hópinn var lagt upp með að helstu efnisþættir skýrslunnar yrðu:

- Draga upp mynd af starfsumhverfi.
- Greina þörf fyrir þekkingu til að sinna þessum störfum.
- Greina laga- og reglugerðarumhverfi.
- Setja fram tillögur að úrbótum.

Hópurinn hefur ekki vald til breytinga og í þeim tilvikum sem settar eru fram tillögur að úrbótum er jafnframt tekið fram ef skiptar skoðanir voru um leiðir.

Samningurinn um gerð skýrslunnar tók til þess að greina starfsumhverfi og gera tillögur að úrbótum vegna dyra- og öryggisvarða. Snemma í ferlinu var ljóst að lítið er sameiginlegt í umhverfi þessara tveggja starfsstétta og því skiptist skýrslan upp í tvo hluta. Í fyrri hluta hennar er fjallað um dyraverði en seinni hlutinn fjallar um öryggisverði.

Í ljósi þess að stutt er síðan umfangsmikil greining fór fram á starfsumhverfi öryggisvarða og í kjölfarið á henni var gefin út 300 stunda námsskrá á framhaldsskólastigi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir öryggisverði var lögð meiri áhersla á að greina starfsumhverfi dyravarða heldur en öryggisvarða.

Vinnulag við gerð skýrslunnar

Haukur Harðarson frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins og Fjóla Pétursdóttir frá Starfsgreinasambandi Íslands sáu um að afla upplýsinga fyrir stýrihóp sem tók þær til athugunar og mótaði tillögur að úrbótum og ábendingum ef þess þótti þörf.

Upplýsingasöfnun fór fram í rýnihópum dyravarða, öryggisvarða og rekstraraðila veitinga – og skemmtistaða. Einnig voru tekin viðtöl við einstaklinga sem tengjast starfsgreinunum, fyrirtækjum sem koma að kennslu fyrir starfsgreinarnar, lögreglu, tryggingafélög auk þess sem lögð var könnun fyrir starfandi öryggisverði og farið í vettvangsferð á veitinga- og skemmtistaði.

Dyraverðir

Dyraverðir – hverjir sinna starfinu og hversu stór er hópurinn?

Um starfsumhverfi dyravarða gilda lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 585/2007 um sama efni. Samkvæmt þeim skulu að jafnaði vera að lágmarki tveir dyraverðir á skemmtistöðum í flokki III þar sem um er að ræða umfangsmikla áfengisveitingastaði. Að öðru leyti er það á ábyrgð hvers veitinga- og skemmtistaðar að ákvarða fjölda dyravarða hverju sinni. Löggjafinn og lögregla hafa ekki sett viðmiðunarreglur þar að lútandi.

Heildarfjöldi veitingastaða í flokki III er um 200. Hluti af þeim stöðum eru matsölustaðir sem hafa opið lengur en til kl. 23.00. Þar er ekki þörf á formlegri dyravörslu þó þeir falli í þennan flokk. Að auki starfa dyraverðir við skemmtanir og atburði sem fram fara utan veitinga- og gististaða s.s. tónleikahald, útihátíðir o.fl. Fyrir slíkum skemmtunum veitir lögreglustjóri tækifærisleyfi og tímabundið áfengisveitingaleyfi og í sumum tilvikum þarf sá sem stendur fyrir skemmtunum að skila inn nafnalista fyrir dyraverði fyrir skemmtun.

Á þeim stöðum sem hafa leyfi til skemmtanahalds er umfang dyravörslu einnig mjög misjafnt. Þar ræður menning á viðkomandi stað, gestafjöldi og húsnæði miklu um þörf fyrir dyraverði.

Margir af þessum stöðum eru með ólíkar samkomur sem krefjast mismikillar öryggisgæslu sbr. bingókvöld og sveitaball eða danstónlistarkvöld og vilja rekstraraðilar hafa ákvörðunarvald um umfang lágmarksgæslu (2 menn) skv. lögum. Sumir þessara staða eru jafnframt með kaffisamsæti um miðjan dag þar sem ekki er sérstök þörf á gæslu sérstaks dyravarðar.

Hjá rýnihópum dyravarða og rekstraraðila kom fram að starfsmannavelta dyravarða er mjög mikil en gera má ráð fyrir að milli 20 til 30% dyravarða stundi starfið til lengri tíma. Ungir karlmenn eru í miklum meirihluta. Mjög fáir stunda starfið sem aðalstarf og starfið er þá stundað með öðru starfi eða námi. Starfshlutfallið er mjög misjafnt, sumir koma inn sem dyraverðir á sveitaballi nokkrum sinnum á ári meðan aðrir eru fastir 2 til 4 kvöld í viku.

Flestir staldra stutt við í starfi dyravarðar og eftirfarandi ástæður eru nefndar fyrir því:

- Starfið á ekki við alla.
- Litið er á starfið sem skammtímalausn með námi eða með annarri vinnu.
- Mikið um eigendaskipti á skemmti- og veitingastöðum.
- Starfsstéttin samanstendur aðallega af ungu fólki og því ber menning starfsstéttarinnar keim af því. Því getur verið erfitt að verða „gamall“ í starfinu.

Erfitt er að setja fram nákvæma tölu um fjölda þeirra sem koma að dyravörslu og umfang starfa innan geirans. Stéttarfélag búa yfir misítarlegum upplýsingum auk þess sem eitthvað er um svarta vinnu. Hér er sett fram talan 400 – 500 sem nálgun á þann fjölda sem kemur að dyravörslu á ársgrundvelli en taka verður henni sem ágiskun frekar en staðreynd.

Kröfur til dyravarða - Lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtistaði.

Kröfur um umfang dyravörslu og kröfur til dyravarða byggjast á flokkun veitingastaða skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 585/2007 um sama efni. Í rekstrarleyfi skemmtistaðar skal koma fram hvaða flokki skemmtistaður tilheyrir og þar skal m.a. liggja fyrir umsögn lögreglu um nauðsyn á dyravörslu og sérstakri löggæslu. Samkvæmt lögnum skulu að jafnaði vera að lágmarki tveir dyraverðir á skemmtistöðum í flokki III, þ.e.a.s þar sem um er að ræða umfangsmikla áfengisveitingastaði (hávær tónlist og opnir eftir kl. 23). Krafist er að lágmarki tveggja dyravarða ef um er að ræða skemmtistaði eða samkomusali. Sækja þarf um tækifærisleyfi fyrir einstakar skemmtanir og atburði sem fram fara utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni og eru til þess fallnir að valda ónæði, svo sem vegna hávaða, og kalla á eftirlit og/eða löggæslu.

Tækifærisleyfi tekur á fjölda dyravarða hverju sinni.

Borið hefur á því að dyraverðir séu einir að störfum á skemmtistöðum í flokki III en samkvæmt 17. gr. reglugerðar nr. 585/2007 skulu að jafnaði vera tveir dyraverðir á skemmtistöðum í flokki III en halda skal hverju sinni uppi fullnægjandi dyravörslu og eftirliti að mati lögreglustjóra sem getur gert frekari kröfur um fjölda dyravarða allt eftir umfangi skemmtunar hverju sinni, stærð staðar og/eða fjölda gesta.

Dyraverðir þurfa að hafa samþykki lögreglustjóra á viðkomandi stað og getur enginn gegnt dyravörslu nema þeir sem lögreglustjóri samþykkir.

Almenn skilyrði fyrir samþykki á dyravörðum eru:

- Vera orðinn 20 ára.
- Hreint sakavottorð.
- Lögreglustjóri metur hæfni að öðru leyti.

Dyravarsla á veitingahúsum og öðrum samkomum fer eftir flokkun þeirra, tegund, stærð, afgreiðslutíma og hvort um áfengisveitingar er að ræða. Nánar skal kveða á um hæfni og þjálfun dyravarða í reglugerð og er heimilt að kveða þar á um að dyraverðir skuli sækja sérstök námskeið þar sem farið er yfir atriði sem á reynir við dyravörslu, svo sem ákvæði áfengislaga, hjálp í viðlögum, viðbrögð við óspektum og hvernig þekkja megji merki um neyslu og sölu ólöglegra vímuefna. Leyfisveitanda er heimilt að binda útgáfu rekstrarleyfis því skilyrði að hluti dyravarða hafi lokið slíku námskeiði. Nánar skal kveða á um skyldu til dyravörslu og framkvæmd námskeiða í reglugerð. (6.gr. laga nr. 87/2007)

Í reglugerð nr. 585/2007 með lögum nr. 85/2007 er ríkislögreglustjóra veitt heimild til að kveða á um að enginn gegni dyravörslu nema hafa lokið viðurkenndu námskeiði fyrir dyraverði og getur hann sett nánari reglur um efni slíkra námskeiða og kveðið nánar á um hæfisskilyrði dyravarða. Einnig er leyfisveitanda heimilt að binda útgáfu rekstrarleyfis við að hluti dyravarða hafi lokið námskeiðum.

Heimildarákvæðinu sem ríkislögreglustjóri hefur til að krefjast þess að þeir sem sinna dyravörslu hafi lokið námskeiði með skilgreindu innihaldi hefur ekki verið beitt. Helstu rökin fyrir því eru að í mörgum tilvikum er erfitt að koma námi við á strjálbýlli stöðum og skemmtanir eru haldnar sjaldan.

Aftur á móti færast það í vöxt að lögreglustjórar bindi útgáfu rekstrarleyfis kröfu um að þeir sem sinna dyravörslu hafi lokið námskeiðum sem þeir hafa samþykkt.

Hlutverk dyravarða

Dyravarsla er þjónustustarf sem snýst fyrst og fremst um samskipti. Það krefst kunnáttu, og reynsla og þroski er stór þáttur í því að sinna starfinu vel. Það var almennt niðurstaða rýnihópa.

Að eiga við drukknar einstaklinga eða stýra hópi af drukknun fólki er vandasamt. Neysla vímuefna virðist vera viðvarandi og eykur vandamálið. Þegar rýnihópar eru spurðir um starfið kemur í ljós að álag er vel þekkt og hótanir daglegt brauð. Þó samskipti við gesti séu stór þáttur í starfinu er samvinna og samskipti milli dyravarða, rekstaraðila og yfirvalda mikilvægur þáttur í starfinu.

Í vinnu við gerð skýrslunnar kom fram að opinberir aðilar og dyraverðir telja að eitt af verkefnum dyravarða séu öryggismál almennt. Sérstaklega er bent á öryggi vegna eldsvoða og ofbeldisverka. Tekið hefur verið mið af þessu við uppsetningu á tillögu að samræmdu námi fyrir dyraverði.

Lítið kemur fram í reglugerðum um hlutverk dyravarða varðandi öryggismál þ.m.t um viðbrögð í eldsvoða eða við aðrar aðstæður þar sem þarf að rýma veitinga- og skemmtistaði. Í vettvangsferð á skemmtistaði bárust öryggismál í tal og þar var ljóst að dyraverðir töldu það sitt hlutverk að sjá til þess að neyðarútgangar væru óheftir og að þeir ættu að koma að rýmingu ef til kæmi.

Dyraverðir og rekstararaðilar þurfa að vera sérstaklega vakandi fyrir öryggi gesta í ljósi fjölgunar ofbeldis- og kynferðisbrota inni á skemmtistöðum. Mikilvægt er að dyraverðir fái fræðslu um fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð er þessar aðstæður koma upp.

Skilgreint hlutverk dyravarða samkvæmt reglugerð nr. 585/2007:

Hlutverk dyravarða er m.a. að hafa eftirlit með að farið sé að reglum um afgreiðslutíma veitinga- og skemmtistaða og slit skemmtunar, leyfðan gestafjölda, aldur gesta og meðferð áfengis. Skulu þeir og aðrir eftirlitsmenn halda uppi röð og reglu á skemmtun og er þeim í því skyni heimilt að vísa þeim af skemmtun sem brjóta gegn settum reglum og/eða eru valdir að óspektum. Dyravörðum er heimilt að kveðja sér til aðstoðar við störf sín hvern þann sem þeir óska. (19. gr. reglugerðar nr. 585/2007)

Ekki kemur fram í reglugerð nr. 585/2007 hvert hlutverk dyravarða varðandi öryggismál. Stýrihópurinn telur æskilegt að skýra hlutverk dyravarða varðandi öryggi á veitinga- og skemmtistöðum í reglugerð m.a. varðandi brunavarnir.

Í grein 14.1.4. í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi segir:

Við ráðningu dyravarða skal skilgreina starfssvið þeirra í skriflegum ráðningarsamningi. Auk ráðningarkjara skal tekið fram að viðkomandi aðili uppfylli skilyrði 18. gr. reglugerðar nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til að gegna starfi dyravarðar. Starfssvið dyravarðar er að halda uppi röð og reglu innanhúss og í biðröð gesta utan dyra, auk annarra starfa sem vinnuveitandi felur honum.

Niðurstaða stýrihóps um hlutverk dyravarða:

Ekki kemur fram í reglugerð nr. 585/2007 hvert hlutverk dyravarða vegna öryggismála. Stýrihópurinn telur mikilvægt að skýra hlutverk dyravarða varðandi öryggi á veitinga- og skemmtistöðum í reglugerð m.a. varðandi brunavarnir og forvarnir gegn ofbeldisbrotum.

Hvaða hæfileika þurfa dyraverðir að hafa?

Í greiningum hjá rýnihópum dyravarða og rekstraraðila kom mjög skýrt fram hvaða eiginleika góður dyravörður þarf að hafa:

- Samskiptahæfni, geta lesið í fólk og geta talað fólk til.
- Útsjónarsemi og geta metið aðstæður.
- Hafa virðingu og njóta trausts vinnufélaga.
- Geta til að fást við ofbeldisfulla einstaklinga og hópa.
- Góð ímynd og þjónustulund.
- Geta brugðist við óvæntum atvikum.

Ef við berum æskilega eiginleika þeirra sem sinna dyravörslu saman við greiningu á starfsumhverfi og menningu í starfinu ber töluvert á milli. Mikilvægur þáttur í því að ná færni á flestum þeim sviðum sem koma fram hér að ofan er aldur, þjálfun og reynsla. Þetta þrennt er í litlum mæli hjá starfsstéttinni í dag.

Hagsmunaaðilar og þáttur þeirra í breytingum.

Hagsmunaaðilar gegna viðamiklu hlutverki í breytingum. Líkurnar á því að vel takist til aukast verulega ef:

- Hagsmunaaðilar hafa komið að greiningu og ákvörðun um leiðarval.
- Hagsmunaaðilar vinna að því að koma breytingum á.
- Hagsmunaaðilar sjá sér hag í að koma breytingum á
- Umfang og eðli breytinga er þannig að raunhæft er að koma þeim í framkvæmd.

Helstu hagsmunaaðilar varðandi dyraverði eru rekstraraðilar veitinga- og skemmtistaða, dyraverðir, yfirvöld, stéttarfélag, félag atvinnurekanda og gestir veitinga- og skemmtistaða.

Umhverfið – Lag til breytinga?

Áhugavert var hversu stór hluti þeirra rekstraraðila sem tók þátt í rýnihópsfundi taldi sig í raun bera litla ábyrgð á störfum dyravarða og færni þeirra til að sinna starfinu. Þar komu fram þau sjónarmið að þó yfirvöld gerðu kröfur um menntun og hæfni dyravarða væri ekki á þeirra ábyrgð að fylgja þeim eftir. Það væri fyrst og fremst á ábyrgð dyravarðanna sjálfra og yfirvalda.

Mikilvægt er að taka fram að þetta sjónarmið var ekki algilt á rýnifundum og fram komu sjónarmið sem gengu þvert á það sjónarmið sem kemur fram hér að ofan.

Ábendingar komu frá dyravörðum um mikilvægi þess að gerðar séu kröfur til rekstraraðila um að þeir axli þá ábyrgð sem fylgir því að reka veitinga- og skemmtistað í flokki III. Nokkuð var um sögur frá dyravörðum þar sem þeir höfðu komið ábendingum á framfæri við rekstraraðila en án árangurs.

Í sumum tilvikum töldu þeir um að ræða skort á þekkingu á laga- og reglugerðarumhverfi rekstraraðila. Ábendingar komu einnig frá yfirvöldum sem snúa að skorti á þekkingu og ábyrgð hjá hluta rekstraraðila. Á rýnifundi með rekstraraðilum var rætt um mikilvægi þess að laga- og reglugerðaumhverfi væri skýrt. Ekki var talið að svo væri í öllum tilvikum.

Þá kom fram hjá lögreglu yfirvöldum að eina úrræðið sem þau hafa til að þrýsta á um breytingar sé að loka viðkomandi skemmti- eða veitingastað. Æskilegt væri að til væri mildara ákvæði t.d. sektarákvæði því ákvæðinu um að loka atvinnustarfsemi væri aðeins beitt við alvarleg og/eða ítrekuð brot. Aðeins er heimilt að beita sektum ef um er að ræða brot sem varða dvöl ungmenna eða tilskilin leyfi til rekstursins eru ekki fyrir hendi.

Ef meiriháttar breytingar verða á rekstri skemmtistaðar væri einnig æskilegt að til staðar væri heimild til handa lögreglu til að endurskoða kröfur um fjölda dyravarða í skemmtanaleyfi.

Stöðumat - dökkir punktar

- Dyraverðir: Í hlutastörfum með stuttan starfstíma. Líta ekki á starfið sem aðalstarf né ætla sér að vera í því til lengri tíma.
- Yfirvöld : Ekki til samræmdar kröfur varðandi nám fyrir dyraverði.
- Í lögum og reglugerðum eru kröfur til dyravarða ekki alltaf nægilega skýrar.
- Gestir: Hafa oft skoðanir á störfum dyravarða en þá sem einstaklingar en ekki hópur.
- Rekstaraðilar: Lítil trú á að hægt sé að breyta stöðunni. Ör skipti á eigendum á hluta staða og skiptar skoðanir um ábyrgð.

Stöðumat - ljósir punktar

- Yfirvöld og sveitarfélög hafa mikinn áhuga á að málefnum skemmtistaða sé sem best fyrir komið og yfirvöld hafa úrræði til að þrýsta á um breytingar.
- Starfsmönnum og rekstraraðilum ber að mestu saman um hvaða þætti í lögum og/eða reglugerðum er æskilegt að breyta eða skýra betur.
- Þegar borin eru saman svör rýnihópa dyravarða annars vegar og rekstraraðila hins vegar um hvaða þekkingu starfsstéttin þarf að búa yfir eru niðurstöðurnar eins.

Ávinningur hagsmunaaðila af breytingum

- Dyraverðir: Aukin færni til að sinna starfinu og skýrari mörk um starfssvið og heimildir. Aukin virðing fyrir starfinu eykur líkur á því að einstaklingar staldri við í starfinu.
- Yfirvöld: Hæfari einstaklingar fást til að sinna dyravörslu, auknar líkur á samvinnu og samstarfi, fækkun útkalla.
- Rekstaraðilar: Fá hæfara starfsfólk og skýrari ákvæði um kröfur og heimildir. Minnka líkurnar á bótakröfum á rekstraraðila og minni starfsmannavelta. Aukin ánægja og öryggi gesta.
- Gestir: Aukin ánægja og öryggi.

Eins og áður hefur komið fram eykur það líkurnar á því að breytingar gangi eftir ef sem flestir hagsmunaaðilar vinna að því að koma þeim á.

Óvissuþættir í starfsumhverfi – niðurstöður og tillögur að breytingum

Nokkrar ábendingar hafa komið fram um óvissuþætti í starfsumhverfi dyravarða og snerta þeir aðallega eftirfarandi þætti.

- Starfssvæði dyravarða.
- Ábyrgð dyravarða í starfi.
- Tryggingar.

Starfssvæði

Óvissa er um hvað starfssvæði dyravarða er stórt. Það liggur fyrir í reglugerð að dyraverðir eiga að halda uppi reglu innan veggja en ekki liggur skýrt fyrir í lögum eða reglugerð hver ábyrgð dyravarða er þegar komið er út fyrir staðinn.

Hlutverk dyravarða er m.a. að hafa eftirlit með að farið sé að reglum um afgreiðslutíma veitinga- og skemmtistaða og slit skemmtunar, leyfðan gestafjölda, aldur gesta og meðferð áfengis. Skulu þeir og aðrir eftirlitsmenn halda uppi röð og reglu á skemmtun og er þeim í því skyni heimilt að vísa þeim af skemmtun sem brjóta gegn settum reglum og/eða eru valdir að óspektum. Dyravörðum er heimilt að kveðja sér til aðstoðar við störf sín hvern þann sem þeir óska. (19. gr. reglugerðar nr. 585/2007)

Á móti kemur að í kjarasamningum er skýrt kveðið á um að hlutverk dyravarða sé að halda uppi röð og reglu innanhúss svo og í biðröð gesta utan dyra.

Við ráðningu dyravarða skal skilgreina starfssvið þeirra í skriflegum ráðningarsamningi. Auk ráðningarkjara skal tekið fram að viðkomandi aðili uppfylli skilyrði 18. gr. reglugerðar nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til að gegna starfi dyravarðar. Starfssvið dyravarðar er að halda uppi röð og reglu innanhúss og í biðröð gesta utan dyra, auk annarra starfa sem vinnuveitandi felur honum. (Gr. 4.14.1 í kjarasamningi SGS og SA).

Skilaboð til rekstraraðila og dyravarða um starfssvæði eru mismunandi. Yfirvöld virðast í flestum tilvikum líta þannig á að hugsanlegir gestir (þeir sem vilja komast inn) séu á ábyrgð staðarins. Dyraverðir lenda einnig í þeim aðstæðum að slagsmál eða árásir verða utan raðar. Af hálfu yfirvalda hefur komið fram að mikilvægt er að reglu sé haldið í nánasta umhverfi veitinga- og skemmtistaða. Er þá stundum vísað í ákvæðið um borgaralega handtöku, lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála þ.e. gr. 91:

Hver sá sem stendur mann að broti sem sætt getur ákæru og varðað getur fangelsi hefur heimild til að handtaka hann. Í því tilviki skal koma hinum handtekna í hendur lögreglu tafarlaust ásamt upplýsingum um ástæðu handtökunnar og hvenær hún fór fram.

Rýnihópur dyravarða og rekstraraðilar var sammála um að óljóst væri hvert starfssvæði dyravarða er og hvar dyraverðir séu tryggðir. Mikil áhersla var lögð á að starfssvæði dyravarða verði afmarkað og skýrt skilgreint í reglugerð m.a. m.t.t. gesta í röð, gesta sem fara tímabundið út úr húsinu t.d. til að reykja, svæða á vegum veitinga- og skemmtistaða t.d. þar sem eru borð og stólar fyrir gesti.



Einnig kom fram að þó dyravörðum væri heimilt að kveðja sér til aðstoðar hvern þann sem þeir óska væri það ákvæði ekki virkt enda vandséð hvernig það ætti að virka, m.a. m.t.t. öryggis þess sem kvaddur væri til aðstoðar. Stýrihópnum þykir ekki skýrt hvað felst í niðurlagi 19. gr. um að dyraverðir geti kvatt hvern þann sem þeir óska sér til aðstoðar og hvaða aðstæður réttlæti að dyravörður nýti þessa heimild. Ýmsar spurningar vöknúðu í tengslum við þetta s.s. hverja dyraverðir geti kallað þannig til aðstoðar, hvaða tryggingar ættu við ef aðili sem þannig væri kallaður til slasaðist og ábyrgð veitingastaðar.

Mismunur á útgáfu tækifærisleyfa og almennra starfsleyfa

Í reglugerð 585/2007 er heimilt að binda útgáfu tækifærisleyfa við að lögregla haldi uppi röð og reglu við staðinn og næsta nágrenni hans.

Tækifærisleyfi

Leyfisveitandi getur eftir umsögn lögreglustjóra bundið tækifærisleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á staðnum. Skulu þeir einkum halda uppi röð og reglu við staðinn og í næsta nágrenni hans, þ. á m. hafa eftirlit með og greiða fyrir umferð að og frá staðnum. Lögreglumenn skulu að jafnaði því aðeins fara inn á staðinn að þeir séu kvaddir þangað af forstöðumanni skemmtunarinnar eða atburðarins eða dyravörðum eða þeim þyki að öðru leyti ástæða til þess vegna eftirlits. (30. gr. reglugerðar nr. 585/2007)

Almennt starfsleyfi

Ekki er kveðið á um það í reglugerð hver ber ábyrgð á að halda uppi röð og reglu við staðinn þegar ekki er um tækifærisleyfi að ræða. Þar kemur aftur á móti fram að ábyrgð dyravarða sé meðal annars: *Skulu þeir og aðrir eftirlitsmenn halda uppi röð og reglu á skemmtun og er þeim í því skyni heimilt að vísa þeim af skemmtun sem brjóta gegn settum reglum og/eða eru valdir að óspektum. (19. grein reglugerðar nr. 585/2007).*

Að auki má nefna að í rýnihópum nefndu dyraverðir að þeir hafi talið sig tryggða á vegum hins opinbera /lögreglu ef lögreglan kallar þá til og biður þá að aðstoða sig. Fram kom hjá yfirvöldum að ef yfirvöld óskuðu eftir aðstoð dyravarða væru þeir ekki tryggðir á vegum hins opinbera.

Niðurstaða stýrihóps varðandi starfssvæði og aðstoð utanaðkomandi:

Ekkert kemur fram í lögum eða reglugerðum um hlutverk og ábyrgð dyravarða utan dyra. Í kjarasamningi SGS og SA hefur verið samið um að dyravörðum beri að halda uppi röð og reglu í biðröð gesta utan dyra. Reglur um starfssvæði dyravarða þurfa að vera skýrar.

Æskilegt er að starfssvæði dyravarða taki til þeirra sem leita inngöngu á viðkomandi veitinga- og skemmtistað og þeirra sem leita út fyrir staðinn tímabundið. Það þýðir að röðin og þau sem í henni eru, eru á starfssvæði dyravarða og það er á ábyrgð staðarins að halda uppi reglu í henni með þeim ráðum sem heimil eru. Einnig væru þeir gestir staðarins sem fara tímabundið út t.d. til að reykja flokkaðir sem gestir staðarins.

Stýrihópnum þykir ekki skýrt hvað felst í niðurlagi 19. gr. um að dyraverðir geti kvatt hvern þann sem þeir óska eftir sér til aðstoðar og ákvæðið er ekki virkt. Því leggur stýrihópur til að ákvæðið verði felld niður.

Ábyrgð í starfi – hlutverk dyravarða

Í reglugerð nr. 585/2007 er kveðið á um hlutverk dyravarða:

Hlutverk dyravarða er m.a. að hafa eftirlit með að farið sé að reglum um afgreiðslutíma veitinga- og skemmtistaða og slit skemmtunar, leyfðan gestafjölda, aldur gesta og meðferð áfengis. Skulu þeir og aðrir eftirlitsmenn halda uppi röð og reglu á skemmtun og er þeim í því skyni heimilt að vísa þeim af skemmtun sem brjóta gegn settum reglum og/eða eru valdir að óspektum. Dyravörðum er heimilt að kveðja sér til aðstoðar við störf sín hvern þann sem þeir óska. (19.gr. reglugerðar nr. 585/2007)

Í rýnihópum dyravarða kom fram að stór hluti þeirra telur að með þessu ákvæði færist til þeirra ábyrgð gagnvart yfirvöldum á fjölda og aldri gesta auk fleiri ákvæða sem erfitt sé að standa undir. Skoðun dyravarðanna var að jafnvel væri hægt að sækja mál á hendur dyraverði ef ákvæði úr reglugerðinni eru brotin. Þá kom fram hjá rýnihópum dyravarða að í einhverjum tilvikum væru reglur brotnar með vitund rekstraraðila. Þegar það gerðist væri staða dyravarða til að gera athugasemdir mjög erfið.

Þegar rætt var við rekstraraðila kom í ljós að þeir töldu ekki að með reglugerð 585/2007 færðist á nokkurn hátt ábyrgð frá leyfishafa til dyravarða. Það væri leyfishafi sem væri ábyrgur fyrir þessum þáttum og ef kæmu í ljós vanefndir væri það á ábyrgð leyfishafa. Þetta var í fullu samræmi við túlkun fulltrúa ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Leigðir dyraverðir

Það þekkist að rekstraraðilar kaupi þjónustu dyravarða af sérhæfðum fyrirtækjum. Nokkur vafi virðist leika á hvar húsbóndaábyrgðin liggur þ.e. hver er ábyrgur fyrir þeirra störfum og hvert þeirra hlutverk eigi að vera, t.d. varðandi fjölda á stöðum og afgreiðslutíma. (Reglugerð nr. 585/2007)

Ekki fengust skýr svör hjá þeim sem selja út slíka þjónustu hvernig tryggingum þeirra dyravarða sem flokkast sem leigðir dyraverðir væri háttað, annars vegar tryggingum sem varða störf þeirra sem dyraverðir gagnvart þriðja aðila og hins vegar tryggingum á þeim sem starfsmönnum. Fram kom að í flestum tilfellum væri um að ræða verktaka.

Niðurstaða stýrihóps um ábyrgð dyravarða:

Leyfishafar eru ábyrgir fyrir þeim þáttum sem getið er um í reglugerðum og lögum varðandi hlutverk dyravarða. Því er ekki þörf á breytingum á reglugerð en mikilvægt er að fyrir liggja skýr túlkun yfirvalda á því hvað felst í reglugerð þannig að bæði rekstraraðilar og dyraverðir séu upplýstir um hana.

Jafnframt þarf að koma upplýsingum til rekstraraðila t.d. við útgáfu starfsleyfa og til þeirra sem starfa við dyravörslu, t.d. með námskeiðahaldi um túlkun yfirvalda.

Nám fyrir dyraverði

Staðan í dag

Lögreglustjóra á hverjum stað er falið að meta hverjir teljist hæfir til að gegna dyravörslu. Nokkuð algengt er að þess sé krafist við útgáfu skemmtanaleyfis að dyraverðir hafi lokið námskeiði eða hafi skráð sig á námskeið. Víða er því krafist að dyraverðir hafi lokið námskeiði eða útgáfa skírteinis sé bundin því að viðkomandi ljúki námskeiði í náninni framtíð.

Innihald námskeiða er ekki samræmt á milli embætta og námskeiðin eru misjöfn að lengd. Á rýnihópsfundum kom fram að ekki er regla á námskeiðshaldi og hefur því stundum reynst erfitt fyrir einstaklinga að sækja þau og fyrir rekstaraðila að senda starfsfólk á námskeið.

Landsbyggðin

Aukist hefur að lögreglustjórar á landsbyggðinni hafi gengist fyrir námskeiðum fyrir dyraverði í samstarfi við stéttarfélög og hagsmunaaðila. Þar virðast stéttarfélög oft gegna lykilhlutverki, bæði við að þrýsta á að námskeið séu haldin, halda utan um námskeiðshald og kynna námskeiðin fyrir sínum félagsmönnum. Á landsbyggðinni þekkt það að stéttarfélög skrái þátttakendur á biðlista og standi fyrir námskeiðum í samstarfi við yfirvöld þegar tilteknum fjölda hefur verið náð. Einnig er þekkt að Öryggismiðstöðin haldi námskeið á landsbyggðinni í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar.

Námskeið á landsbyggðinni eru oftast 20 kennslustundir og fyrirmynd fengin frá námskeiðum sem kennd eru á Akureyri. Á þeim námskeiðum hafa verið kenndir eftirfarandi námskeiðspættir: samskipti dyravarða og lögreglu (lögregla), fíkniefni (lögregla), tryggingar (tryggingafélag), réttindi og skyldur (stéttarfélag), slysa hjálp (slökkvilið), brunavarnir (slökkvilið), brögð (júdóþjálfari), áfengislög (lögreglustjóri) og skoðun skilríkja (lögregla).

Höfuðborgarsvæðið

Á höfuðborgarsvæðinu hefur lögreglustjóri veitt tveimur fyrirtækjum heimild til að halda námskeið fyrir dyraverði, annars vegar Öryggismiðstöðinni og hins vegar VSI öryggishönnun (Meton). Samkvæmt upplýsingum frá Öryggismiðstöðinni er um að ræða 20 kennslustunda nám sem skiptist í lög og reglugerðir, samskipti dyravarða og lögreglu, skyndihjálp, fíkniefni, brunavarnir og brögð. Fram kom í samtali við stjórnendur hjá Öryggismiðstöðinni að aðsókn að námskeiðum virtust tengd eftirliti yfirvalda með skemmtistöðum.

VSI öryggishönnun (Meton) hefur ekki haldið námskeið fyrir dyraverði um nokkurt skeið en samkvæmt upplýsingum á heimasíðu var um mun styttra nám að ræða.

Á að krefjast náms?

Í dag eru kröfur um að dyraverðir hafi lokið setu á dyravarðanámskeiði bundnar í rekstrarleyfi hvers veitingastaðar fyrir sig. Færst hefur í vöxt að lögreglustjórar í viðkomandi umdæmi bindi útgáfu rekstrarleyfis þeirri kröfu að þeir sem sinna dyravörslu hafi lokið námskeiðum sem þeir hafa samþykkt.

Í reglugerð nr. 585/2007 er að finna eftirfarandi heimildarákvæði:

Ríkislögreglustjóra er heimilt að kveða á um að enginn skuli gegna dyravörslu nema hann hafi lokið viðurkenndu námskeiði fyrir dyraverði. Ríkislögreglustjóri getur sett nánari reglur um efni slíkra námskeiða og kveðið nánar á um hæfisskilyrði dyravarða. (18. gr. reglugerðar nr. 585/2007)

Þetta reglugerðarákvæði hefur ekki verið nýtt og því er misjafnt eftir landshlutum hvernig staðið er að málum í dag. Það er í valdi hvers og eins lögreglustjóra að setja kröfur um nám.

Í frumvarpi með 6. grein laga 85/2007 er að finna eftirfarandi skýringu:

Hér er kveðið á um skyldu til að hafa dyravörslu og helgast sú skylda af þeirri starfsemi sem um er að ræða og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að leyfisveitandi geti kveðið á um slíka skyldu við útgáfu rekstrarleyfis.

Dyravarsla er mjög mikilvæg þegar kemur að eftirliti með því sem fram fer á veitingastöðum og mikilvægt að gott samstarf sé á milli dyravarða og lögreglu. Því er mikilvægt að kveðið sé á um heimild til námskeiðahalds fyrir dyraverði þar sem farið yrði yfir ýmis atriði sem á reynir í starfi þeirra. Einnig er nauðsynlegt að leyfisveitandi geti gert dyravörslu að skilyrði rekstrarleyfis og að hluti dyravarða hafi lokið námskeiði.

Niðurstaða stýrihóps:

Stýrihópur að undanskyldum fulltrúa ríkislögreglustjóra leggur til að heimildarákvæðið um að þeir sem gegni dyravörslu hafi lokið viðurkenndu námskeiði verði virkjað af ríkislögreglustjóra. Þó verði fundin leið til að heimilt verði að einstaklingar geti hafið störf við dyravörslu án þess að hafa lokið námi.

Einnig setji ríkislögreglustjóri nánari reglur um innihald og lengd námskeiða.

Rökin fyrir þessari niðurstöðu eru að dyravarsla er vandasamt starf og mikilvægt að kröfur séu samræmdar milli landshluta svo og að námskeiðin séu viðurkennd á milli svæða. Mikilvægt er að dyraverðir þekki það laga- og reglugerðarumhverfi sem þeir starfa í og geti brugðist rétt við þegar aðstæður krefjast þess.

Ríkislögreglustjóri leggur til að ákvæði í reglugerð 585/2007, 18. grein 3. mgr. standi óbreytt, það er að lögreglustjórar hver í sínu umdæmi séu best til þess fallnir að meta hvort þörf sé á námskeiði eða ekki og hvaða einstaklingar teljist hæfir til að starfa sem dyraverðir.

Um skyldu til að sækja námskeið og útfærslu þess

Hjá rýnihópum dyravarða og rekstraraðila og í samtölum við einstaklinga komu fram efasemdir um að allir einstaklingar sem hefja störf við dyravörslu ættu að hafa lokið námskeiðum. Þær efasemdir byggðust m.a. á því að algengt væri að fólk staldraði mjög stutt við. Mun mikilvægara væri að tryggja að þeir sem sinntu starfinu til lengri tíma lykju námskeiði.

Stýrihópur að undanskyldum fulltrúa ríkislögreglustjóra leggur til að eftirfarandi leið verði farin:

Gagnvart einstaklingum

Dyraverðir þurfa að hafa samþykki yfirvalda á viðkomandi stað (lögreglustjóra).

Almenn skilyrði fyrir samþykki á dyravörðum eru:

- Vera orðinn 20 ára.
- Hreint sakavottorð.

Þegar einstaklingur er samþykktur sem dyravörður í fyrsta sinn verði það ekki skilyrði að viðkomandi hafi lokið námskeiði fyrir dyraverði. Þegar kemur að endurnýjun skírteinis að 12 mánuðum liðnum verði það skilyrði fyrir endurnýjun að viðkomandi hafi lokið námskeiði.

1. skírteini	Gildistími fyrsta skírteinis	2. skírteini
<ul style="list-style-type: none">•20 ára•Sakavottorð	<ul style="list-style-type: none">•Að hámarki 12 mánuðir	<ul style="list-style-type: none">•20 ára•Sakavottorð•Námskeið

Gagnvart rekstraraðilum

Að bundið verði í rekstrarleyfi veitinga- og skemmtistaða í flokki III að lágmarkskrafa verði að tveir dyraverðir sem lokið hafa námskeiði séu við störf hverju sinni. (Þetta á við um þá staði sem þurfa á dyravörslu að halda.)

Með þessari leið telur stýrihópur að komið sé til móts við það sjónarmið að starfsmannavelta sé mikil og erfitt sé að ná til hópsins en jafnframt sé tryggt að lágmarksþekking sé til staðar hverju sinni. Jafnframt telur hópurinn að með þessu fyrirkomulagi sé líklegra að sátt sé um framkvæmd og fyrirkomulagið festist í sessi.

Hvernig?

Með breytingum á reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Ríkislögreglustjóri leggur til að ákvæði í reglugerð 585/2007, 18. grein 3. mgr. standi óbreytt.

Tillögur stýrihóps um lengd og innihald náms

Stýrihópurinn leggur til að námskeið fyrir dyraverði séu samræmd á landsvísu bæði varðandi lengd og innihald. Það myndi einfalda viðurkenningu yfirvalda á hverjum stað að meta hæfni einstaklinga milli landshluta, auðvelda rekstraraðilum að ráða starfsfólk og auka líkur á að fræðsla dyravarða sé í samræmi við þarfir stéttarinnar. Með samræmingu aukast einnig líkurnar á því að til verði námsefni til stuðnings náminu.

Ríkislögreglustjóri leggur til að ákvæði í reglugerð 585/2007, 18. grein 3. mgr. standi óbreytt, það er að lögreglustjórar hver í sínu umdæmi séu best til þess fallnir að meta hvort þörf sé á námskeiði eða ekki og hvaða einstaklingar teljist hæfir til að starfa sem dyraverðir.

Tillögurnar sem hér eru settar fram eru byggðar á rýnifundum, annars vegar með dyravörðum og hins vegar rekstraraðilum. Einnig var rætt við einstaka rekstraraðila og að lokum fór fram umræða innan stýrihóps þar sem lagt var mat á lengd og mikilvægi hvers námsþáttar. Stýrihópurinn telur að mikilvægt sé að námið verði ekki of langt og talið að með stuttu námskeiði aukist líkurnar á því að námið festist í sessi. Niðurstaðan varð því að gerð er tillaga um að lágmarks lengd viðurkenndra námskeiða verði 24 kennslustundir.

Efnisþættir og tímalengd þeirra miðað við 24 kennslustunda námskeið

Námsþáttur	Nánari lýsing
Ábyrgð og hlutverk Vinnumarkaður 6 kennslustundir	Lög og reglugerðir Hlutverk og kröfur til dyravarða samkvæmt lögum og reglugerðum. Starfssvæði, ábyrgð rekstraraðila, ábyrgð dyravarða, dómar, opnunartímar, áfengislög, fjöldi, starfsleyfi, borgaraleg skylda. Réttindi og skyldur starfsmanna, gerviverktaka, verktaka, ábyrgð atvinnurekanda, ábyrgð starfsmanna, kynning á kjarasamningi. Yfirvöld Samstarf, skilríki og fíkniefni.
Skyndihjálp 5 kennslustundir	Fjögur skref skyndihjálpar; tryggja öryggi á vettvangi, meta ástand slasaðra eða sjúkra, sækja hjálp og veita skyndihjálp. Umfjöllun um innvortis- og útvortis blæðingar, brunni, höfuðhögg, brjóstverkur (hjartaáfall), bráðaofnæmi og heilablóðfall. Mælt er með endurmenntun annað hvert ár.
Samskipti og erfiðu atvikin 6 kennslustundir	Samskipti, þjónusta, sjálfsmynd og sálfræði. Samskipti við gesti, að lesa í umhverfi, samskiptamynstur, óákveðni, ógnun við sjálfstraust, reiðistjórnun, hópastjórnun, skýr skilaboð, verkstjórn og skipulag. Varnir og viðbrögð við kynferðisafbrotum og ofbeldi inni á skemmtistöðum. Hvernig vinnum við úr erfiðum atvikum, til lengri og skemmri tíma.
Tryggingar 1 kennslustund	Launamaður / verktaki, ábyrgð atvinnurekanda, ábyrgð og skyldur starfsmanna, tryggingar, vinnuslys.
Sjálfsvarnarbrögð 2 kennslustundir	Sjálfsvarnartækni, þjálfun, tilgangur, hvað má? Hvað má ekki? Samvinna, hættur í umhverfi, varnir í boði, hættulegir einstaklingar.
Brunavarnir – Eldur 4 kennslustundir	Kröfur um brunavarnir, viðbrögð í bruna og/eða við brunaboð, slökkvibúnaður og slökkvikerfi, neyðarútgangar, meðferð slökkvitækja.

Nám á Norðurlöndunum

Ef litið er til umræðunnar á Norðurlöndunum (Noregi, Svíþjóð, Danmörku) er hún nokkuð svipuð og hér. Hún einkennist af því að mikilvægt sé að dyraverðir hafi þekkingu en nokkuð erfitt sé að koma því við. Útgáfa skírteina er í höndum staðbundinna yfirvalda og það virðist vera að nýlega sé búið að breyta reglugerðum í Noregi þannig að námskeiðs sé krafist.

Lengd námskeiða virðist vera nokkuð misjöfn, en algengast er að þau séu 20 til 25 klukkustunda (26 til 33 kennslustundir) löng. Kostnaður við 20 tíma námskeið virðist liggja á bilinu 35 til 50 þúsund íslenskar krónur á einstakling miðað við gengi febrúar 2010, misjafnt eftir löndum og lengd námskeiða.

Dæmi um nám í Noregi

Dæmi um nám í Noregi fyrir dyraverði er að finna á vefslóðinni

<http://www.securitas.com/no/no/Kurs-og-opplaering/Ordensvaktkurs/>

Grófa skiptingu á náminu í Noregi má sjá hér að neðan og virðist helsti munur á því og þeim tillögum sem stýrihópurinn leggur til að ekki er gert ráð fyrir kennslu í sjálfsvarnarbrögðum.

- Samstarf við lögreglu 2 tímar
- Öryggi, þjónusta og viðskiptavinir 2 tímar
- Siðfræði 1 tími
- Laga- og reglugerðarumhverfi 2 tímar
- Áfengislöggjöfin 2 tímar
- Úrlausn ágreinings 3 tímar
- Skilríki, skýrslugerð og vinnureglur 2 tímar
- Brunavarnir 3 tímar
- Fyrsta hjálp 3 tímar
- Verkefnavinna 3 tímar

Námið er því 23 klukkustundir að lengd en ef klukkustundum er breytt í kennslustundir samsvarar það rúmlega 27 kennslustundum.

Kennslufræði og gæði náms

Tíminn sem er til að miðla efni er stuttur en mikið af upplýsingum sem þarf að koma á framfæri. Þegar svo er, er hætt á að það bitni á gæðum námskeiðsins. Magn umfram gæði. Gæði náms einkennast af tveimur aðalþáttum, annars vegar þekkingu leiðbeinanda og hins vegar hæfni hans til að miðla þeirri þekkingu.

Í rýnihópum kom fram að mikilvægt væri að leiðbeinendur kæmu úr grasrótinni, það er að þeir væru beintengdir viðfangsefninu sem væri verið að fjalla um hverju sinni. Rýnihópar dyravarða lögðu áherslu á mikilvægi þess að fá fulltrúa lögreglu og slökkviliðs til að kenna á námskeiðunum. Þegar fjallað væri um samskipti við yfirvöld væri það yfirvaldið sem væri leiðbeinandi, leiðbeinandi í sjálfsvarnarbrögðum þekkti til starfa dyravarða og svo framvegis.

Gæði námskeiðanna munu ráða miklu um framhaldið. Starfsgreinin mun dæma námskeiðin og ef þau verða talin til lítils gagns þá munu dyraverðir og rekstaraðilar líklega reyna að komast hjá því að sækja þau. Ef þau hljóta gott umtal mun það hafa öfug áhrif. Í mörgum tilvikum er auðveldara að greina hjá leiðbeinanda sérhæfingu heldur en hæfileikann til að miðla. Þess vegna er mikilvægt við mat á því hvort aðilar séu hæfir til að leiðbeina eða standa fyrir námskeiðum að horfa til þess hvaða aðferðum á að beita við miðlun.

Námsefni

Í flestum tilvikum styrkir það nám verulega ef til er gott námsefni sem styður við kennslu. Dæmi um slíkt námsefni fyrir dyraverði er dönsk bók sem heitir Dørmænd og útgefandi er Erhvervsskolernes Forlag.

Þar er mjög skýr myndastudd framsetning og auðvelt er fyrir leiðbeinendur að taka upp umræðu og skipuleggja verkefnavinnu út frá því sem þar kemur fram. Tiltölulega auðvelt er að staðfæra bókina fyrir íslenskar aðstæður ef áhugi er fyrir hendi og heimild fæst fyrir því.



Lýðheilsustöð og Ríkislögreglustjóri hafa gefið út bækling sem er ætlaður eigendum og starfsfólki skemmtistaða. Hann er 20 síður að lengd og er gott hjálpartæki við kennslu. Þar er farið yfir lausn ágreiningsmála, samstarf við yfirvöld, algengustu vímuefni og fleiri þætti. Bæklinginn má finna á vefslóðinni <http://www.lydheilsustod.is/media/afengi//abyrgd-ollum-i-hag,bokm..pdf>.

Einnig hefur verið unnin öryggishandbók fyrir skemmtistaði, veitingastaði og gististaði.

Öryggishandbókin var unnin af Meton ehf fyrir Samtök atvinnurekanda í ferðaþjónustu (SAF). Hún er fyrst og fremst hugsuð fyrir rekstaraðila og stjórnendur en getur nýst vel fyrir leiðbeinendur á námskeiðum. Það er mjög ítarlegt rit sem meðal annars fjallar um ýmsa þætti sem snúa að dyravörslu og viðbrögð við atvikum sem geta komið upp á skemmtistöðum. Þar er fjallað um aldur og skilríki, stjórn við útidyr, stjórn á biðröð, hámarksfjöldi gesta og fleiri þætti sem snúa að dyravörslu.

Hverjir eiga að geta staðið fyrir námskeiðahaldi?

Á landsbyggðinni er algengt fyrirkomulag að lögregla standi fyrir námskeiðahaldi í samráði við stéttarfélag. Einnig er það þekkt að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu taki að sér námskeiðahald á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu samþykkir lögregluembættið aðila sem standa fyrir námskeiðum fyrir dyraverði. Í dag hafa tvö fyrirtæki heimild til að kenna, annars vegar er það Öryggismiðstöðin og hins vegar VSI- öryggishönnun og ráðgjöf.

Mikilvægt er að mat á því hvort aðili sé hæfur til að standa fyrir námskeiðum taki bæði til faglegrar hæfni og kennslufræði. Ef þær breytingar sem eru lagðar til í skýrslunni ná fram að ganga má gera ráð fyrir að fleiri aðilar hafi hug á því að halda námskeið. Eðlilegt er að kröfur um færni námskeiðshaldara séu sýnilegar.

Stýrihópurinn leggur til að svipaður háttur verði hafður á, það er að yfirvald á viðkomandi stað samþykki námskeiðshaldara eða standi fyrir námskeiði.

Kostnaður við nám

Hjá rekstraraðilum komu fram áhyggjur af kostnaði við nám fyrir dyraverði. Ekki síst vegna þess að starfsmannavelta meðal dyravarða er mikil og einnig nokkuð um það að dyraverðir færi sig milli staða.

Hluti af kjarasamningum er um greiðslur í fræðslusjóði. Reglur sjóðanna eru misjafnar en í flestum tilvikum á einstaklingur sem greitt er fyrir rétt á 75% endurgreiðslu ef um er að ræða starfstengt nám. Það gildir þó aðeins ef greitt hefur verið fyrir hönd viðkomandi í fræðslusjóð.

Gera má ráð fyrir að flestir þeirra sem myndu sækja um endurgreiðslu væru sjóðsfélagar í Starfsafli (höfuðborgarsvæðið og Reykjanes) eða Landsmennt (landsbyggð). Nánari upplýsingar um úthlutunarreglur er að finna á heimasíðum sjóðanna.

Kostnaður við námskeið fyrir dyraverði hjá Öryggismiðstöðinni í dag er 42.000 kr. og er þá miðað við þrjú til fjögur kvöld. VSI öryggishönnun hefur ekki haldið námskeið fyrir dyraverði um nokkurt skeið þannig að ekki liggja fyrir upplýsingar um verð á þeim námskeiðum. Á landsbyggðinni þar sem verkalýðsfélög koma að námskeiðshaldi virðist vera mikið um að verkalýðsfélög taki beint þátt í kostnaði við námskeiðshald. Á Akureyri hafa hvorki einstaklingar né rekstaraðilar greitt fyrir setu á dyravarðanámskeiðum. Haustið 2009 fór fram 20 tíma námskeið á vegum Fræðslunets Suðurlands. Þar greiddu einstaklingar um 5000 kr. en styrkir fengust til námskeiðshaldsins frá Starfsafli, fræðslusjóði. Hjá Framsýn stéttarfélagi greiddu þátttakendur 10.000 kr. og hjá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga greiddu þeir 5.000 kr.

Greiðslur í slysatilvikum og tryggingar

Bætur vegna slysa – Tímabundin örorka

Verði starfsmaður fyrir slysi í starfi sínu sem dyravörður á hann rétt á veikindagreiðslum frá atvinnurekanda skv. kjarasamningi. Tímalengd greiðslna ræðst bæði af starfsaldri og af gildandi kjara- og ráðningarsamningi viðkomandi starfsmanns. Lágmarksréttur vegna veikinda er tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð. Samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins vegna veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasöluaða og hliðstæðrar starfsemi skal starfsmaður sem forfallast af völdum slyss við vinnuna, auk réttar til launa í veikindum, halda dagvinnulaunum sínum í þrjá mánuði.

Algengast er að starfsmenn sinni dyravörslu sem aukastarfi og að viðkomandi aðili sé jafnframt í skóla eða fullu starfi hjá öðrum atvinnurekanda. Starfsmaður sem þannig slasast í aukastarfi sem dyravörður ætti rétt á veikindalaunum í fjarvistum frá aðalstarfi en hann ætti ekki rétt á kjarasamningsbundnum viðbótarrétti í 3 mánuði vegna vinnuslyss frá þeim atvinnurekanda. Færi rétturinn í því starfi eftir því hversu lengi hann hefur starfað hjá aðalatvinnurekanda.

Þegar greiðslum frá atvinnurekanda sleppir á starfsmaður m.a. rétt á greiðslum frá sjúkrasjóði stéttarfélags. Nokkuð hefur borið á svartri atvinnustarfsemi í þessum geira og verður að leggja áherslu á mikilvægi þess að dyraverðir greiði til stéttarfélags til að tryggja rétt sinn til slíkra greiðslna. Ef um er að ræða fjarveru frá vinnu í lengri tíma þá er algengur ferill í bótageiðslum eftirfarandi:

1. Starfsmaður byrjar á að fá greidd laun frá atvinnurekanda í veikindum í samræmi við rétt sinn.
2. Eftir að launagreiðslum lýkur fær starfsmaður greidda dagpeninga frá sjúkrasjóði stéttarfélags.
3. Eftir að bótatímabili hjá sjúkrasjóði lýkur þá taka við bætur frá lífeyrissjóði og/eða Tryggingastofnun eftir aðstæðum.

Áður en fjárhagsaðstoð er veitt frá sveitarfélagi er fyrst athugað hvort viðkomandi eigi rétt til bóta hjá öðrum aðilum.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir þá aðila sem geta komið að greiðslu launa eða framfærslubóta ef um er að ræða skerta starfshæfni vegna veikinda eða slyss.

Tjón	Greiðsluaðili	Réttur
Tíma- bundin örorka	Atvinnurekandi	Laun í veikindum og 3 mánaða viðbótarréttur vegna vinnuslyss hjá þeim atvinnurekanda sem slysið varð hjá.
	Sjúkrasjóður	Sjúkrasjóður 80% í 6 mánuði að teknu tilliti til dagpeninga frá TR og launþegatryggingu.
	Launþegatrygging	Dagpeningar allt að 3 árum v. óvinnufærni/fram að örorkumati. Greitt 4 vikum eftir slys. (Greiðast vátýggingartaka á meðan hann greiðir laun en síðan starfsmanni).
	TR	Slysdagpeningar frá 8. degi í allt að 52 vikur (greiðast vátýggingartaka á meðan hann greiðir laun en síðan starfsmanni).
	Lífeyrissjóður	Ef starfshæfni starfsmanns er skert til lengri tíma vegna veikinda eða slyss á hann rétt á örorkulífeyri frá sínum lífeyrissjóði. Örorkulífeyrir miðast við áunninn rétt hjá sjóðnum auk framreiknings til 65 eða 67 ára aldurs að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
	TR/atvinnurekandi	Útgjöld vegna slyss (Læknishjálp, dvöl á sjúkrastofnun, lyf, sjúkraþjálfun, gervilimir o.fl. TR greiðir þau útgjöld v. vinnuslyss sem atvinnurekandi greiðir ekki).
	Tryggingafélag	Aðrar valfrjálssar tryggingar sem starfsmaður tekur.
Varanleg örorka	Launþegatrygging	Bætur greiðast í hlutfalli við læknisfræðilegar afleiðingar slyss, metnar til stiga skv. töflu um miskastig þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt.
	TR	Örorkubætur til samræmis við örorkumat. Örorkulífeyrir er óháður öðrum tekjum. Barnalífeyrir. Greitt mánaðarlega. Ef örorka er metin á bilinu 10-49% er heimilt að greiða örorkubætur sem eingreiðslu sem jafngildir lífeyri um tiltekið árabíl. Ef örorka er 9% eða minni greiðast ekki bætur.
	Lífeyrissjóður	Ef starfshæfni starfsmanns er skert til lengri tíma vegna veikinda eða slyss þá á hann rétt á örorkulífeyri frá sínum lífeyrissjóði. Örorkulífeyrir miðast við áunninn rétt hjá sjóðnum auk framreiknings til 65 eða 67 ára aldurs að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
Andlát	Launþegatrygging	Bætur greiðast réttthafa valdi slys dauða innan 3 ára frá slysdegi að frádregnum þegar útgreiddum bótum fyrir varanlega örorku
Þriðji maður slasast	TR	Dánarbætur ef slys veldur andláti innan 2 ára frá slysdegi. Mánaðarlegar bætur til ekkju/ekki í 8 ár. Barnalífeyrir.
	Lífeyrissjóður	Réttur til makalífeyris, barnalífeyris o.fl.
	Ábyrgðartrygging atvinnurekanda	Skaðabætur fyrir vátýggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð og greiðsla kostnaðar sem vátýggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Annað sem kom fram í rýnihópum dyravarða og/eða rekstraraðila

Heimildir, tæki og merkingar

Í rýnihópum kom fram að ekki er talin ástæða til þess að dyraverðir fái heimild til að beita tækjum til að hefta eða gera einstaklinga óvígá. Dyraverðir voru einróma sammála um að þeir töldu sig ekki þurfa á slíkum áhöldum að halda og rekstraraðilar töldu að með því væru þeir hugsanlega að skapa sér viðbótar ábyrgð gagnvart gestum. Einnig kom það skýrt fram hjá rýnihópi rekstraraðila að þeir vilja ekki að starfsmenn þeirra fái heimildir til þess að svipta gesti frelsi. Það er vandmeðfarið og ætti einungis að vera á valdi lögreglu.

Dyraverðir lögðu áherslu á mikilvægi þess að þeir væru vel merktir sem dyraverðir, en aldrei með nafni. Slíkar merkingar auðveldi störf þeirra til mikilla muna. Það sjónarmið kom hins vegar fram hjá rekstraraðilum að vegna ásýndar staðarins væri stundum æskilegt að merkingum á dyravörðum væri haldið í lágmarki. Það færi þó eftir eðli staða og skemmtunar hverju sinni.

Þess má geta að í kjarasamningi SGS og SA segir í gr. 10.1.4:

Dyravörðum skulu lögð til einkennisföt, sem eru eign fyrirtækisins og sér það um þrif á þeim og viðhald eftir því sem nauðsyn krefur. Dyravörðum sem eru við gæslu utan dyra skal leggja til hlífðarfatnað eftir aðstæðum með tilliti til veðurfars.

Áhættumat

Haft var samband við Vinnumálastofnun við gerð skýrslunnar. Samkvæmt 65. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd. Hafa skal samráð við fulltrúa starfsmanna, sbr. II. kafla. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með að slík áætlun sé gerð. Skal hún vera aðgengileg hjá atvinnurekanda fyrir stjórnendur þess, starfsmenn og Vinnueftirlit ríkisins.

Fram kom að Vinnumálastofnun hefur sent veitinga- og skemmtistöðum erindi þar sem vakin er athygli á skyldu þeirra til að gera áhættumat en fáir staðir hafa brugðist við erindinu og gert slíkt mat.

Vesti (hnífa)

Á rýnifundum meðal dyravarða kom fram að nokkuð er um að svokölluð hnífavesti eru notuð af dyravörðum. Að minnsta kosti einn skemmtistaður útvegar sínum dyravörðum slík vesti. Mjög misjafnt væri hvort á þeim þyrfti að halda, menning og viðskiptavinir á hverjum stað réði þar miklu. Almennt voru dyraverðir þó sammála um að slík vesti tryggi öryggi þeirra betur en nú er. Þau væru ekki eingöngu vörn fyrir stungum heldur einnig höggum og spörkum.

Vestin eru hins vegar dýr og þau þurfa að vera sniðin fyrir hvern og einn. Uppi voru ýmsar hugmyndir um hvernig unnt væri að nálgast þann kostnað, s.s. með þátttöku bæði starfsmanna og atvinnurekanda og fræðslusjóða. Einnig kom fram það sjónarmið að vesti af þessu tagi séu öryggistæki sem atvinnurekanda beri að útvega. Ofangreint áhættumat myndi auðvelda mat á raunverulegri þörf fyrir slíkan útbúnað.

Niðurstaða stýrihóps:

Ekki er talin ástæða til þess að mæla með að dyraverðir fái heimild til að beita tækjum til að hefta eða gera einstaklinga óvígá.

Mikilvægt er að áhættumat verði gert á vinnustöðum dyravarða. Það myndi auðvelda mat á þörf fyrir aukinn búnað dyravarða í starfi.

Samstarf við yfirvöld

Æskilegt er að stytta boðleiðir og auka samstarf milli lögreglu og dyravarða. Í Reykjavík fór verkefni af stað sem stuðlaði að þessu og gafst það vel. Undir það síðasta hafði þó dregið úr samstarfi. Lögregla er með hlustun á Tetra talstöðvarrás og geta skemmtistaðir leigt sér stöðvar af einkaaðila til að fá aðgang að henni.

Rýnihópar dyravarða gáfu samstarfi og viðbrögðum lögreglu misjafna dóma. Meðan sumir báru yfirvöldum vel söguna þá töldu aðrir að viðbragðstími lögreglu væri í sumum tilvikum of langur. Borið hefur á því að dyraverðir séu einir að störfum á skemmtistöðum í flokki III þvert á reglugerð nr. 585/2007. Mikilvægt er að dyraverðir og rekstraraðilar séu meðvitaðir um þessar reglur og eftirfylgni sé tryggð.

Svört vinna

Það virðist hafa dregið úr svartri vinnu þó hún þekkist vissulega. Líkleg ástæða þess er fræðsla um gerviverktöku og umræður meðal dyravarða um tryggingar og umbótaskyldu ef óhöpp verða. Með auknu atvinnuleysi eykst hættan á svartri atvinnustarfsemi, sérstaklega á það við um hlutastörf og störf þar sem kallað er eftir vinnuafli eftir þörfum.

Samantekt á niðurstöðum varðandi dyraverði:

- Skýra þarf ábyrgðarsvæði dyravarða utandyra í lögum/reglugerð s.s. í röð og á öðrum svæðum utandyra s.s. reykingasvæðum.
- Skýra þarf tryggingar dyravarða utan staðar gagnvart dyravörðum og rekstraraðilum. Forsenda þess er að afmörkun á starfssvæði liggja fyrir.
- Æskilegt væri að í lögum væri til mildara ákvæði s.s. sektarákvæði til handa lögreglu þegar brotið er á reglum um skemmtistaði í stað þess að eingöngu sé heimild til að loka stað sem er mjög íþyngjandi úrræði.
- Ef meiriháttar breytingar verða á rekstri skemmtistaðar væri æskilegt að til staðar væri heimild til handa lögreglu til að endurskoða kröfur um fjölda dyravarða í starfsleyfi.
- Skýra þarf hlutverk dyravarða varðandi öryggi á veitinga- og skemmtistöðum í reglugerð m.a. varðandi brunavarnir og öryggi gesta.
- Skilgreina þarf námsþætti námskeiðs um dyravörslu á landsvísu og virkja heimildarákvæði reglugerðar nr. 585/2007 þar sem segir að ríkislögreglustjóri geti gert kröfur um að dyraverðir hafi lokið námskeiði. (Ríkislögreglustjóri leggur til að ákvæði í reglugerð 585/2007, 18. grein 3. mgr. standi óbreytt.)
- Finna þarf leið til að heimila einstaklingum tímabundið störf við dyravörslu „til reynslu“ án þess að hafa lokið dyravörslunámskeiði. (Ríkislögreglustjóri leggur til að ákvæði í reglugerð 585/2007, 18. grein 3. mgr. standi óbreytt.)
- Tryggja þarf að skráð sé hverjir starfa sem dyraverðir á hverjum tíma t.d. með því að dyraverðir séu skyldaðir til að bera skírteini (og að þau séu frábrugðin þegar dyravörður hefur lokið námskeiði).
- Að bundið verði í rekstrarleyfi staða í flokki III sem þurfa á dyravörslu að halda að alltaf þurfi að lágmarki tveir einstaklingar á hverjum stað að hafa lokið námskeiði. (Ríkislögreglustjóri leggur til að ákvæði í reglugerð 585/2007, 18. grein 3. mgr. standi óbreytt.)
- Kynna þarf dyravörðum hver ábyrgð þeirra er gagnvart rekstraraðila en dyraverðir virðast telja að ábyrgð rekstraraðila hafi að einhverju leyti flust yfir á dyraverði.
- Fylgja þarf eftir að skemmtistaðir geri áhættumat líkt og skylt er skv. lögum nr. 46/1980 og í tengslum við það verði þörf fyrir hlífðarfatnað s.s. hnífavesti metin.

Öryggisþjónustufyrirtæki og öryggisverðir

Lagaumhverfi fyrirtækja í öryggisþjónustu

Fyrirtæki í öryggisþjónustu starfa skv. lögum nr. 58/1997 um öryggisþjónustu. Til að annast öryggisþjónustu þarf leyfi ríkislögreglustjóra en í leyfinu skal tilgreint hvers konar öryggisþjónustu það nær til, s.s. eftirlit, flutningur verðmæta o.s.frv.

Starfsmaður öryggisþjónustu, öryggisvörður, þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði samkvæmt reglugerð 340/97:

- Vera orðinn 18 ára.
- Til þess fallinn að rækja starfið.

Samkvæmt reglugerð nr. 340/1997 skal starfsmaður afhenda leyfishafanum sakavottorð á tveggja ára fresti og önnur gögn sem nauðsynleg þykja til að leggja mat á hæfi hans til að rækja starfið. Leyfishafa ber sé þess óskað að veita ríkislögreglustjóra upplýsingar um hvaða stafs menn hans sinna öryggisþjónustu og gögn sem þeir hafa lagt fram vegna starfsins.

Sú ábyrgð er lögð á leyfishafann að sjá til þess að öryggisvörður fái nauðsynlega fræðslu til að hann geti rækt starfið með viðunandi hætti svo og fræðslu í hjálp í viðlögum. Ekki er tilgreint í lögum eða reglugerð hver sú fræðsla skuli vera umfram fræðslu um hjálp í viðlögum.

Öryggisverði ber að klæðast einkennisklæðnaði eða bera á sér greinilegt merki sem gefur starf hans til kynna svo og skilríki sem gefið er út af leyfishafanum þar sem fram kemur nafn starfsmanns og mynd og heiti leyfishafa.

Um lagaumhverfi

Fram hefur komið í samtölum við stjórnendur og eigendur öryggisfyrirtækja að lagaumhverfið sé mjög rýrt og mikilvægt sé að endurskoða það. Það sé liður í því að efla fagmennsku og byggja upp traust á fyrirtækjum sem sinna öryggisvörslu. Þetta sjónarmið kom einnig fram hjá rýnihópi öryggisvarða.

Í nóvember árið 2008 hófst undirbúningur endurskoðunar laga um öryggisþjónustu en sú endurskoðun hefur tafist vegna efnahagshruns. Starfsgreinasambands Ísland telur eðlilegt að SGS hefði beina aðild að þessari endurskoðun og hefur óskað eftir aðkomu að endurskoðuninni við dóms- og mannréttindamálaráðuneyti. Ráðuneytið tók vel í ósk SGS um aðkomu að endurskoðun laganna en ekki liggur fyrir hvenær vinna hefst að nýju.

Niðurstaða stýrihóps um lagaumhverfi:

Lagaumhverfi um öryggisfyrirtæki og öryggisverði er mjög rýrt. Lögin tóku gildi árið 1999 og starfsemi öryggisfyrirtækja hefur tekið miklum breytingum síðan.

Dóms- og mannréttindamálaráðuneytið hóf endurskoðun laganna árið 2008 en sú endurskoðun hefur tafist og óljóst er hvenær vinna hefst að nýju. Mikilvægt er að endurskoðun á lögnum í heild sinni fari fram sem allra fyrst með aðkomu allra hagsmunaaðila.

Nám fyrir öryggisverði

Fræðsla fyrir öryggisverði skiptist í tvo flokka:

- Annars vegar er það nám sem stundað er innan eða á vegum viðkomandi öryggisfyrirtækis.
- Hins vegar er í boði nám sem byggt er á námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og veitir einingar á framhaldsskólastigi.

Nám innan fyrirtækja

Samkvæmt reglugerð nr. 340/1997 er það á ábyrgð leyfishafa að sjá til þess að starfsmaður sem sinnir framkvæmd öryggisþjónustu fái fræðslu þannig að hann sé fær um að sinna starfinu. Einnig er talað sérstaklega um fræðslu varðandi fyrstu hjálp. Ekki eru til aðgengilegar upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað hjá fyrirtækjunum.

Á Íslandi eru tvö öryggisvarðafyrirtæki sem þjónusta stóran hluta markaðarins. Það eru Securitas og Öryggismiðstöðin. Samkvæmt upplýsingum frá þessum fyrirtækjum er lögð áhersla á að þegar öryggisverðir hefji störf fari fram grunnþjálfun fyrir starfið og lögð er almenn áhersla á fræðslumál.

Námsskrá verður til

Á haustmánuðum 2006 skrifaði Efling - stéttarfélag Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins bréf þar sem hvatt var til þess að greina þörf fyrir nám starfsmanna fyrirtækja í öryggisþjónustu. Forsvarsmenn öryggisþjónustufyrirtækisins Securitas höfðu lýst áhuga á námi ætluðu félagsmönnum Eflingar - stéttarfélags.

Í febrúar 2007 var samþykktur samningur, annars vegar milli Starfsafli – starfsmenntar, Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins og hins vegar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins þar sem FA tók að sér greiningu á námsþörf starfsmanna hjá öryggisfyrirtækjum, hönnun náms allt að 300 kennslustundum og ritun námsskrár sem byggðist á þeirri greiningu. Fulltrúi Starfsafli var verkefnisstjóri. Meðan á verkinu stóð boðaði hann fulltrúa frá Eflingu – stéttarfélagi, Securitas, Öryggismiðstöðinni, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Ríkislögreglustjóra og Mími - símenntun til 10 funda í bakhópi. Verkinu lauk í mars 2008.

Námsskrá á framhaldsskólastigi fyrir starfandi öryggisverði

Námsskráin lýsir námi sem er samtals 300 kennslustundir. Af þeim eru 70 kennslustundir kennsla og verkleg þjálfun á vinnustað. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi nám samkvæmt þessari námsskrá til styttingar námi í framhaldsskóla til allt að 24 eininga.

Meta má námið á mótum allt að 12 einingum í vali, 12 einingum á kjörsviði og/eða til almennra námsgreina eftir styrkleika viðkomandi. Námið er ætlað þeim sem eru eldri en 20 ára, með stutta skólagöngu og starfa hjá fyrirtæki sem annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni. Með öryggisþjónustu er átt við fyrirbyggjandi eftirlit, ýmist með staðbundnu eftirliti, farandgæslu eða eftirliti frá stjórnstöð. Starf öryggisvarða felst í eftirliti, vöktun, vörslu og viðbragðsstöðu. Öryggisverðir gæta fólks og verðmæta, vakta og bregðast við merkjum frá viðvörðunarkerfum í híbýlum, í atvinnuhúsnæði, á opnum eða lokuðum svæðum og bregðast við ástandi sem víkur frá góðri reglu eða öryggi.

Efnisþættir í námsskrá	Kest
Nám er vinna	16
Öryggisþjónusta í samfélaginu	12
Vinnuumhverfið og vinnustaðurinn	12
Eigin velferð og öryggi	30
Vinnusiðferði og ábyrgð	15
Efling í starfi	25
Lög, vettvangur og skýrslugerð	20
Sálfræði og skyndihjálp	40
Þjónusta og viðskiptavinir	18
Öryggistæki og öryggiskerfi	15
Staðbundið eftirlit	15
Farandgæsla	15
Eftirlit	15
Meðferð verðmæta	15
Brunavarnir	15
Viðfangsefni að eigin vali	20
Mat á námi og námsleið	2
Samtals	300

Tilgangur námsins er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til starfs síns og bæta við þekkingu þeirra og leikni í starfi öryggisvarða auk þess að efla sjálfstraust þeirra og samskiptaleikni. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra til að auðvelda þeim að tileinka sér nýjungar í starfi og að öðru leyti bæta við þekkingu sína.

Námsskráin er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem vilja skipuleggja nám af þessu tagi. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á þýðingu námsins til starfs, áframhaldandi náms eða annars sem nám af þessu tagi kann að hafa þýðingu fyrir. Námsskráin er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota námsskrá þessa að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA þróar og viðurkennir. Einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum.

Hægt er nálgast námsskrá fyrir öryggisverði í heild sinni á vefslóðinni:

<http://www.frae.is/namsskrar/oryggisvardanam/>

Nám fyrir öryggisverði, hvernig gengur í dag?

Tveir hópar starfandi öryggisvarða hafa farið í gegnum námið og samanstóðu af starfsmönnum Securitas annars vegar og Öryggismiðstöðinni hins vegar. Námið hefur eingöngu farið fram í Reykjavík og hefur Mímir-símenntun haldið utan um framkvæmd.

Einnig er nú að líta dagsins ljós námsefni fyrir öryggisverði sem búið hefur verið til með styrk Starfsmenntaráðs. Kostnaður vegna námsins er greiddur af mennta- og menningarmálaráðuneytinu í gegnum Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Námið er nemendum að kostnaðarlausu og er það 300 kennslustundir að lengd. Af þeim eru 70 kennslustundir kennsla og verkleg þjálfun á vinnustað og fer það að mestu fram í vinnutíma. Hinn hlutinn fer fram í frítíma nemenda.

Nokkuð erfiðlega hefur gengið að fá nemendur til að sækja námið og ekki fór hópur af stað í námið á vorönn 2010. Námið virðist þó fá ágætis dóma hjá þeim sem sækja það. Ekki er líklegt að mikil eftirspurn verði eftir náminu á landsbyggðinni vegna fámennis í starfsgreininni utan höfuðborgarsvæðisins.

Könnun hjá nemendum um nám og framhaldsnám

Vegna skýrslunnar var gerð könnun hjá nemendum á seinni önn öryggisvarðanáms. Voru þeir beðnir um að leggja mat á núverandi nám, spurðir hvort þeir hefðu áhuga á framhaldsnámi og ef svo væri í hverju það ætti að vera fólgandi. Ekki er um stórt úrtak að ræða svo varast ber að leggja of mikið út frá svörum en þarna kemur í ljós áhugi á framhaldsnámi og ef að því yrði ætti að leggja áherslu á þætti sem tengdust starfi öryggisvarða.

1. Leggðu mat þitt á mikilvægi námsþátta sem eru í námsskrá fyrir öryggisverði í dag.

Námsþáttur	Óþarfur	Í lagi	Mikilvægur	Mjög mikilvægur
Nám er vinna	2	3		2
Öryggisþjónustan í samfélaginu		1	2	4
Eigin velferð og öryggi		1	2	4
Vinnusiðferði og ábyrgð		2	2	3
Efling í starfi		4	1	2
Lög, vettvangur og skýrslugerð			4	3
Sálfræði og skyndihjálp	1	2	2	2
Þjónusta og viðskiptavinir		2	2	2
Öryggistæki og öryggiskerfi			1	6
Staðbundið eftirlit		1		6
Farandgæsla			2	4
Eftirlit	1	1	3	3
Meðferð verðmæta			3	4
Brunavarnir			2	5

2. Ef þér byðist framhaldsnám fyrir öryggisverði myndir þú hugleiða að fara í það?

Til að gefa okkur einhverja hugmynd um tíma þá skulum við gera ráð fyrir að námið væri ein önn.

Nei	
Líklega ekki	
Líklega	3
Já	4

3. Ef um framhaldsnám væri að ræða hvernig væri æskilegt að uppbygging þess væri?

	Góð leið	Ok leið	Slæm leið
Á sama hátt og núverandi nám	5	1	1
Lengra á milli mætinga		3	4
Gera ráð fyrir heimavinnu	1	4	2
Fjarnám	1	4	2
1 til 2 dagar í senn	2	4	1
Verkefni á vinnustað	4	3	
Þéttara nám – fleiri dagar saman	2	3	2
Færri dagar saman		3	4

4. Hvaða þætti telur þú að eigi að leggja áherslu á ef um framhaldsnám væri að ræða?

	Nei takk	Ok	Já takk
Samskipti og sálfræði	1	1	4
Verkefnastjórnun		2	5
Verkstjórn		3	4
Sérhæfingu	1	1	5
Siðferði og ábyrgð	2	1	4
Forvarnir	1	2	4
Þjónustu – viðskiptavinir		3	3
Að bregðast við í erfiðum aðstæðum		1	6
Sjálfsvörn og tók		2	5
Þig sem persónu	3	2	2
Ensku	2	3	2
Stærðfræði	4	2	1
Ráðgjöf	1	4	2

Rýnihópur öryggisvarða – helstu niðurstöður

Í rýnihópnum sátu starfandi öryggisverðir. Markmiðið var að fá sýn öryggisvarðanna á starf þeirra og einnig afstöðu og skilning þeirra á laga- og reglugerðarumhverfi því sem þeir starfa í. Hér á eftir fara helstu niðurstöður úr rýnihópnum. Einnig er skotið inn viðhorfum þátttakenda í könnun sem gerð var meðal nemenda í öryggisvarðanámi.

Um starfið

Starfið er í flestum tilvikum skemmtilegt og fjölbreytt. Það er fyrst og fremst þjónustustarf og til að sinna því þarf einstaklingur að hafa vald á samskiptum og njóta virðingar. Stundum eru samskipti mjög nán og einnig koma upp erfið mál sem þarf að leysa. Starfið er mjög fjölbreytt þó einstöku hlutar eins og farandgæsla að næturlagi geti verið einmanaleg.

Ekki er mikið um hótanir í starfinu en nokkuð áberandi að lítil virðing er borin fyrir öryggisvörðum og þeirra starfi. Þetta viðhorf má finna bæði hjá almenningi og einnig stjórnendum fyrirtækja sem kaupa þjónustu öryggisfyrirtækja. Þekkt er í verslunum að starfsmenn fyrirtækja hefðu í raun annað starfssvið þó þeir væru merktir sem öryggisverðir. (almenn verslunarstörf)

Starfmannavelta hefur minnkað mikið eftir „hrunið“ og fyrirtækin hafa notað tækifærið til að fá til sín hæfa einstaklinga í stað þeirra sem ekki voru að valda starfinu vel.

Fram kom hjá rýnihópi öryggisvarða að það ætti að vera forsenda fyrir því að veita starfsleyfi fyrir öryggisfyrirtæki að þar væri rekin stjórnstöð sem öryggisverðir væru í beinu sambandi við. Stjórnstöð væri grunnurinn sem öryggisverðir þyrftu að treysta á þegar þeir þurfa á aðstoð að halda og mikið öryggi væri fólgið í því að fylgst væri með ferðum þeirra. Sérstaklega væri þetta mikilvægt í farandgæslu og neyðarhnaðarþjónustu.

Færni starfsmanna er lykilþáttur í því að auka virðingu fyrir starfi öryggisvarða og það ætti að vera sameiginlegt verkefni öryggisfyrirtækja og starfsmanna að byggja upp færni. Nokkur umræða væri meðal öryggisvarða um að mikilvægt væri að fá löggildingu á starfsheitið. Þó gerðu flestir sér ljóst að til að það gæti orðið þyrfti miklar breytingar á kröfum um færni þeirra sem stunda starfið. Ef marka má „sögurnar“ í starfsgreininni koma upp atvik þar sem öryggisverðir eru settir í þjónustu án þess að hafa til þess þjálfun. Einstaklingar eru þá einfaldlega klæddir í búning og hefja störf. Þetta væri sérstaklega áberandi á álagstímum.

Þetta gæti þó orðið tímafrekt ferli því lítil menning er fyrir námi hjá öryggisvörðum og flestir sem leggja stund á starfið hafa ekki langa skólagöngu að baki. Miklu skiptir því að álitni starfsmanna að fyrirtækin styðji sína starfsmenn til náms t.d. með því að nám fari í auknum mæli fram í vinnutíma en ekki frítíma.

Vald öryggisvarða

Skýrt kom fram að öryggisverðir gera sér grein fyrir að völd þeirra eru engin umfram aðra borgara. Almenn til staðar vitneskjan um hugtakið „borgaraleg handtaka“. Fram kom að flestir þeir sem höfð eru afskipti af „gefast upp“, en ljóst af viðbrögðum þeirra sem staðnir eru að verki að þeir búast við mun meiri hörku af hálfu öryggisvarða. Sérstaklega er þetta áberandi hjá útlendingum.

Fram kom í rýnihópnum að öryggisverðir eru líklegir til að lenda í líkamlegum átökum á starfsferlinum. Mun líklegri er að lenda í útkalli þar sem innbrot er í gangi eða hefur verið framið heldur en fyrir tveimur til þremur árum síðan.

Hefur þú lent í líkamlegum átökum í þínu starfi á síðustu tólf mánuðum?

Spurning sem lögð var fyrir hluta af öryggisvörðum í námi hjá Mími-símenntun.

Nei	5
Já	2

Hjá öryggisvörðum kom fram sú skoðun að varasamt væri þó að auka valdheimildir öryggisvarða nema að jafnframt komi til auknar kröfur um færni þeirra. Meðal annars var bent á að lágmarkskröfur um aldur til að vera öryggisvörður er 18 ár. Það eitt væri ástæða til að fara mjög varlega.

Telur þú að æskilegt að valdsvið öryggisvarða verði víkkað þannig að starf þeirra taki yfir verkþætti sem lögregla sinnir í dag?

Spurning sem lögð var fyrir hluta öryggisvarða í námi hjá Mími-símenntun.

Já	III
Nei	II
Ekki skoðun	II

Öryggisverðir ræða um nýrt laga- og reglugerðarumhverfi. Annars vegar snýst þessi umræða um könnun á bakgrunni þeirra sem ráðnir eru til starfsins og hins vegar um hversu litlar kröfur eru gerðar til fyrirtækja sem sinna öryggisvörslu.

Mikilvægt að auka traust til öryggisfyrirtækja og öryggisvarða.

Bæði hjá rekstaraðilum í öryggisþjónustu og öryggisvörðum kemur fram að mikilvægt sé að öryggisfyrirtæki og starfsmenn þeirra njóti trausts í samfélaginu. Nokkuð skortir á að slíkt traust sé til staðar í dag.

Þrjár leiðir voru aðallega nefndar til að auka traust:

- Minnka starfsmannaveltu og auka þannig reynslu og þekkingu innan starfsstéttarinnar.
- Að til staðar sé nám sem byggir á þörfum starfsgreinarinnar, framboð sé á slíku námi og öryggisverðir og fyrirtæki nýti sér það. Í framhaldi opnast möguleiki á að fá löggildingu á starfsheitið öryggisvörður.
- Endurskoða lög og reglugerðir um öryggisvörslu og horfa þá sérstaklega til krafna sem gerðar eru til fyrirtækja og starfsmanna þeirra.

Hér er ekki lagt mat á þessar leiðir en bent á að námsskrá er þegar til fyrir starfandi öryggisverði og einnig virðist ástand á vinnumarkaði hafa dregið úr starfsmannaveltu.

Því má segja að gott færi skapist á næstu misserum fyrir hagsmunaaðila til að beita sér í þessum málaflokki.

Samskipti við yfirvöld.

Samskipti við yfirvöld eru almennt góð og sérstaklega á það við um lögreglumenn sem sinna almennum störfum. Innan lögreglu eru þó til einstaklingar sem líta á öryggisverði sem annars flokks og láta það álit í ljós. Það er þó á undanhaldi.

Mikil tækifæri eru til staðar til að bæta boðleiðir og efla samstarf yfirvalda og fyrirtækja sem sinna öryggisþjónustu. Að hluta til skarast starfssvið þessara stétta og því er samvinna mikilvæg. Til dæmis mætti auka beina aðkomu lögreglu að námi fyrir öryggisverði.

Valdsvið og mörk á milli starfsviðs öryggisvarða og lögreglu eru:

Spurning sem lögð var fyrir hluta af öryggisvörðum í námi hjá Mími-símenntun.

Mjög óljós	I
Óljós	I
Skýr	II
Mjög skýr	III
Hef ekki þekkingu á málinu	

Nám á Norðurlöndum

Þegar nám á Norðurlöndum er greint er mikilvægt að hafa það í huga að fjöldi í starfsgreininni gefur mun meiri möguleika á að halda úti námi og koma á sérnámi. Mikil kennsla fer fram á vegum fyrirtækjanna sjálfra og reka stærri fyrirtækin umfangsmikla fræðslustarfsemi fyrir sitt fólk og þá einstaklinga sem hafa áhuga á því að ganga til liðs við þau. Síðan er til nám á efra framhaldsskólastigi fyrir þau sem ákveða ung að leggja fyrir sig öryggisvörslu.

Hér á eftir eru upplýsingar um hlekki þar sem veittar eru upplýsingar um nám í mismunandi löndum. Þessum upplýsingum má skipta í tvo flokka, annars vegar formlegt nám innan skólakerfisins og hins vegar nám fyrir fullorðna einstaklinga.

Á vef Europass fengust upplýsingar um formlegt nám í Finnlandi og Danmörku. Þá er um að ræða nám á efra framhaldsskólastigi og flokkað í styrkleikastig Isced 3. (International Standard Classification of Education) Hægt er að nálgast skilgreiningar á Isced á veflóðinni: http://www.uis.unesco.org/ev.php?ID=3813_201&ID2=DO_TOPIC

Land	Lengd náms	Stig
Danmörk	2 ár og 6 mánuðir – 45 vikna formlegt nám – 85 vikna starfsþjálfun Nánari upplýsingar um námið má finna á vefslóðinni: http://certsupp.ciriusintra.dk/ShowPdf.aspx?id=107&lang=2	Efra framhaldsskólastig
Finnland	2 ár Nánari upplýsingar um námið má finna á vefslóðinni: http://www2.edu.fi/europassi/cs/showhtml.php?id=415&PHPSESSID=e5e39f99d29b93f89e16c922f9268e5d	Efra framhaldsskólastig

Í Svíþjóð og Noregi er að finna eftirtalin dæmi um nám fyrir þá sem hafa áhuga á að leggja fyrir sig störf í öryggisgæslu. Í þessum dæmum er gert ráð fyrir fullorðnum nemendum.

Svíþjóð	Áberandi er nám fyrir fullorðna einstaklinga sem hafa hug á að starfa sem öryggisverðir. Námið er ekki tengt við framhaldsskóla og gefur ekki einingar á framhaldsskólastigi. Dæmi um skóla má finna á eftirtöldum vefsíðum: http://www.byavaektarskolan/kursutbud http://www.vaktarskolan.se/?page=3&courseid=129323 http://www.vaktare.nu/utb.php?page=vaktare	Fullorðinsfræðsla
Noregur	Á veflóðinni sem hér fylgir eru upplýsingar um námskeið og nám sem Securitas í Noregi stendur fyrir: http://www.securitas.com/no/no/Kurs-og-opplaering/	Fullorðinsfræðsla

Lokaorð um öryggisverði

Eins og sagði í upphafi skýrslunnar var mun minni vinna lögð í að skoða starfsumhverfi öryggisvarða heldur en starfsumhverfi dyravarða. Aðalástæður þess eru:

- Stutt er síðan námsskrá á framhaldsskólastigi var gefin út og við gerð hennar fór fram umfangsmikil greining á starfi öryggisvarða
- Hafin er endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi fyrir öryggisfyrirtæki í dóms- og mannréttindamálaráðuneytinu. Sú vinna hefur þó legið niðri um nokkurn tíma.